

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**606. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 6. júlí 2009 kl.
10:00 í fundarsal Ráðhúss.**

Dagskrá:

1. Verkstjóri áhaldahúss mætir á fundinn.
2. Bréf Orkustofnunar.
3. Bréf Skúla Guðbjörnssonar
4. Bréf Jóhannesar Björnssonar.

Afgreiðslur:

1. Verkstjóri áhaldahúss er mættur til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu framkvæmdir sem eru í gangi í sveitarfélagini. Lokið hefur verið við lagningu hitaveitu upp í tjaldsvæði og hesthúsahverfi. Farið yfir stöðu framkvæmda við Hvammstangabraut, viðhald gangstéttu, framkvæmdir í Kirkjuhvammi ofl.
2. Lagt fram bréf Orkustofnunar dags.29.06.2009, þar sem óskað er umsagnar vegna beiðni Roullier Group um útgáfu rannsóknarleyfis fyrir kalkþörunga á Húnaflóa. Byggðarráð mælir með því að umbeðið rannsóknarleyfi verði veitt.
3. Lagt fram bréf Skúla Guðbjörnssonar dags.24.06.2009 um sorphirðu vegna sumarhúsa í Húnaþingi vestra. Lagt fram svar sveitarstjóra við erindinu.
4. Lagt fram bréf Jóhannesar Björnssonar, þar sem hann fer fram á að sveitarstjórn endurskoði þá ákvörðun sína að endurgreiða honum ekki sorpgjald 2008 vegna Reynhóla. Þar sem í ljós hefur komið að um misskilning var að ræða, samþykkir byggðarráð að endurgreiða sorpgjaldið fyrir það það tímabil sem sorphirðuþjónusta var ekki veitt.

Samþykkt að taka á dagskrá:

5. Lagður fram til kynningar listi yfir samninga um land sveitarfélagsins sem leigt hefur verið til einstaklinga og félaga. Formlegar úttektir hafa ekki farið fram á viðhaldi girðinga.
6. Fundargerð 162. fundar skipulags-og umhverfisráðs frá 2. júlí 2009. Byggðarráð samþykkir fundargerðina.
7. Fundargerð 85. fundar menningar- og tómstundaráðs frá 24. júní 2009. Byggðarráð samþykkir fundargerðina.
8. Málefni Sparisjóðs Keflavíkur. Fulltrúar sveitarstjórnar og hluti stofnfjáreigenda funduðu með viðskiptanefnd Alþingis þann 26. júní s.l. um frumvarp til laga um fjármálfyrirtæki (sparisjóði) og gerðu grein fyrir athugasemendum við frumvarpið. Sveitarstjórn fundaði með þingmönnum kjördæmisins þann 30. júní sl. þar sem þeim var kynnt staða stofnfjáreigenda. Lýst var yfir á báðum fundunum þungum áhyggjum að stöðu stofnfjáreigenda í fyrrum Sparisjóði Húnaþings og Stranda.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

*Ólafur K. Guðlaugsson
Lárus Þórðarson
Hanns Þórhilmar
Guðrún Þórhilmar
Guðrún Þórhilmar*

Fundi slitið kl. 12:22

Áheyrnarfulltrúi:
Ólafur K. Guðlaugsson